



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. febrúar 2022.

Efni: Umsögn um þingskjal 144 – 142. mál; tillaga til þingsályktunar um stóreflingu innlendrar matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (hér eftir „SAM“) vísa til umsagnarbeiðni atvinnuveganefndar Alþingis sem send var frá nefndasviði Alþingis þann 27. janúar sl. um ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

SAM mælir með **samþykkt þingsályktunartillögunnar** og byggir þá afstöðu sína á sjónarmiðum sem hér verða reifuð í framhaldi.

1. Almenn

Í upphafi telur SAM rétt að benda á að við ritun þessarar umsagnar liggja fyrir drög að nýrri landbúnaðarstefnu fyrir Ísland. Um er að ræða fyrstu heildarstefnu fyrir landbúnað á Íslandi, en hún var kynnt undir heitinu „Ræktum Ísland“ í ágúst 2021.¹

Í inngangi landbúnaðarstefnunnar er lögð áhersla á að íslenskri þjóð beri skylda til að rækta Ísland og skapa skilyrði til búsetu um allt land. Þá er lögð áhersla á þá skyldu stjórnvalda að tryggja rekstrarskilyrði íslensks landbúnaðar þannig að til staðar sé öflugur, fjölbreyttur, sjálfbær landbúnaður í öllum byggðum landsins sem reynist grunnur fæðuöryggis, byggðafestu og fjölbreytileika.

Í landbúnaðarstefnunni er m.a. fjallað um að starfsumhverfi íslensks landbúnaðar hljóti að taka mið af reglum um starfsemi bænda og afurðastöðva í nágrannalöndum okkar. Þannig þurfi skilyrði til rekstrar og hagræðingar að vera sambærileg eftir því sem landfræðilegar aðstæður leyfa. Tollastefna taki mið af alþjóðasamningum þannig að landbúnaður og úrvinnsluiðnaður hans geti staðið traustum fótum en búi þó við aðhald sem tryggi sanngirni gagnvart neytendum. Þá þurfi að vera samhengi milli lagaskilyrða afurðastöðva og vinnslustöðva til hagræðingar og beitingar tolla til verndar innlendum landbúnaði.

¹ Sjá hér tillögu verkefnastjórnar um nýja landbúnaðarstefnu: [https://www.stjornarradid.is/library/01--Fréttatengt---myndir-og-skrar/ANR/Landbunadur/Raektum_Island_WEB_Sidur%20\(002\).pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Fréttatengt---myndir-og-skrar/ANR/Landbunadur/Raektum_Island_WEB_Sidur%20(002).pdf).

Samkeppni íslenskrar landbúnaðarframleiðslu er ekki háð á jafnræðisgrunni. Aukinn innflutningur á matvælum sem framleidd eru við önnur skilyrði en á Íslandi skekkir mjög samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar. Nánast ógerningur er að keppa við vörur sem framleiddar eru í verksmiðjubúum þar sem stærðarhagkvæmni, stór markaður, aðgangur að hráefni o.fl. dregur úr kostnaði.

Í drögum að nýrri landbúnaðarstefnu, sem fyrr er getið, er gerð grein fyrir því að landbúnaði sé gert mun hærra undir höfði af hálfu ESB samanborið við landbúnað hér á landi. Í inngangsorðum 19. kafla landbúnaðarstefnunnar segir um þetta atriði:

Landbúnaðarstefna hefur forgang gagnvart samkeppnisreglum innan ESB og þar er lögð áhersla á sveigjanleika og meðalhóf gagnvart smáframleiðendum. Til að starfsskilyrði landbúnaðar hér á landi séu sambærileg og í nágrannalöndunum kann að vera þörf á að auka svigrúm innlendra framleiðenda landbúnaðarvara innan þess ramma er EES aðildin heimilar.

SAM telur að hér sé tilkomið svigrúm til að rétta þann aðstöðumun sem er á milli bænda og úrvinnslufyrirtækja þeirra – m.ö.o. að innleiða skuli nýja reglu þar sem framleiðslu landbúnaðarvara er gert hærra undir höfði miðað við það sem áður hefur gilt – og jafnvel gengið jafnlangt og gert er í aðildarríkjum ESB. Í drögum að landbúnaðarstefnu fyrir Ísland er komist svo að orði um samspil samkeppnisreglna og framleiðslu landbúnaðarvara:


Í sáttmála ESB um eigin starfshætti er gert ráð fyrir að unnt sé að víkja frá samkeppnisreglum hvað varðar framleiðslu og viðskipti með landbúnaðarafurðir. Landbúnaðarstefnan hefur forgangsáhrif gagnvart samkeppnisreglum.

Til að bæta úr þessum aðstöðumun er nauðsynlegt að innleiða undanþágu fyrir afurðastöðvar í kjötiðnaði þannig að þær geti sameinast og átt með sér samstarf um rekstur o.fl. – m.ö.o. að veitt sé svigrúm til hagræðingar í kjötiðnaði með sama hætti og gilt hefur í mjólkuriðnaði um langt skeið. Með þeim hætti væri aðstöðumunur milli framleiðenda hér á landi og framleiðenda í aðildarríkjum ESB bættur líkt og mælt er með í drögum að nýrri landbúnaðarstefnu.

4. Niðurlag

SAM styður fjölmörg önnur atriði í tillögu til þingsályktunar um stóreflingu innlendra matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar. Þau atriði sem hér hafa verið reifuð skipta þar mestu, á þessu stigi málsins, en ekki ber að skilja að önnur atriði hafi minni þýðingu.

f.h. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf.



Sigurjón R Rafnsson,
stjórnarformaður SAM